

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Þverás 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. október 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags Suður-Seláss vegna lóðarinnar nr. 4 við Þverás. Í breytingunni felst að setja nýjar svalir á gafl og stækka efri hæð hússins með því að framlengja og hækka kvist yfir núverandi svalir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarnesvegur 56.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 21. október 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags Teiga - norðan Sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 56 við Laugarnesveg. Í breytingunni felst að heimilað verður að hafa þak-svalir/þakverönd innan byggingarreits. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Víðidalur, Fákur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. október 2016 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamanna í Elliðaárdal, Víðidalur - Fákur. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera mön/áhorfendabrekku vestan við Hvammsvöll í Víðidal og upphitunurvöll vestan við Brekkuvöll. Einnig er þegar gerður upphitunurvöllur norðvestan við Hvammsvöllinn færður inn á deiliskipulagsuppdrátt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Freyjubrunnur 31.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. október 2016 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, hverfis 04 vegna lóðar nr. 31 við Freyjubrunn. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 5 í 7 og aukning á byggingarmagni um 44,4 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 25. október 2016.

Björn Axelsson.